

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870Vík, Mýrdal

Reykjavík, 26. nóvember 2021
UST202103-144/S.M.
08.12.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps

Þann 5. október sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. **Gr. 5.1 í starfsleyfi, sbr. 22. gr. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.** Skrá skal allar upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 5.1 í starfsleyfi og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Skráningar er varða tl. 2-3 í gr. 5.1 voru ekki til staðar við eftirlit.
2. **Gr. 5.3 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2020 hafa ekki borist eftirlitsaðila.

Einnig eru opin þrjú frávik frá eftirliti 2019 er varða:

3. **Gr. 5.3 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar voru ekki tiltækar við eftirlit.
4. **Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit.
5. **Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt af með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokað nema þegar starfsemi fer fram. Hlið norðan þjóðvegur var opið við eftirlit og engin starfsemi í gangi. Við eftirlit 2021 lá girðing niðri á nyrðri hluta urðunarstaðarins.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. desember 2021.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur